

Nd.

## 291. Nefndarálit

[121. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um staðfestingu Alþingis á sölu mannvirkja Kröfluvirkjunar til Landsvirkjunar en virkjunin hefur undanfarin ár verið rekin af Rafmagnsveitum ríkisins (RARIK). Fulltrúar Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytis komu á fundi nefndarinnar og veittu upplýsingar.

Spurt var við meðferð málsins:

Í fyrsta lagi hvort RARIK hafi óskað eftir því að Landsvirkjun yfirtæki Kröfluvirkjun. Svarið var að RARIK hefði ekki óskað eftir þessu.

Í öðru lagi var spurt hvort Landsvirkjun hefði óskað eftir því að yfirtaka Kröfluvirkjun. Svarið var aftur neitandi.

Í þriðja lagi var spurt hvort Reykjavíkurborg hefði óskað eftir að Landsvirkjun yfirtæki Kröfluvirkjun. Svarið var enn neikvætt.

Það liggur því ljóst fyrir að eini aðilinn, sem óskaði eftir breytingu á eignayfirláttum Kröfluvirkjunar, er **rikið og forráðamenn þess** sem hafa ákveðið að taka á ríkissjóð stóran hluta af lánnum Kröfluvirkjunar.

Á nefndarfundi upplýsti Einar Tjörvi Elíasson, framkvæmdastjóri Kröfluvirkjunar, að hámarksafli annarrar vélar virkjunarinnar væri 35 mw. Því er unnt að reka þá vél með 30 mw. að jafnadi þannig að vélin dugi til spennuöfnunar og til að auka stöðugleika kerfisins. Með 30 mw. framleiðslu er fullkomlega raunhæft að önnur vélin skili 200-220 gwst. afköstum á ári. Tvær vélar gætu þá skilað yfir 400 gwst. Þegar nægrar orku hefði verið aflað en til þess þyrfti væntanlega að bora 11-12 holur til viðbótar. Þess vegna var um það spurt hvert yrði útreiknað kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með 170 gwst. orkusölu frá annarri vél Kröflu þegar frá næstu áramótum (framleiðslugeta vélarinnar gæti orðið 200-220 gwst.). Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis reiknaði út að þessi eina breyting mundi hækka kaupverðið um 165 millj. kr. Í útreikningum á söluverði virkjunarinnar er hins vegar aðeins reiknað með 125 gwst. orkusölu frá Kröflu næstu tvö árin, 130-160 gwst. á árunum 1988-1991 og aldrei meiri orkusölu en 170 gwst. allt til ársins 2010.

Spurt var að því hvort eitthvert tillit hefði verið tekið til þess við ákvörðun kaupverðs að seinni vélin fylgir með í kaupunum. Þessu var svarað neitandi.

Spurt var hvert yrði kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með fullri nýtingu fyrri vélar nú þegar og seinni vélar 1989. Þetta dæmi virðist ekki hafa verið reiknað út við samningsgerð og var vísað til óvissu um orkuöflun.

Miðað við að hver ný borhola kosti 40 millj. kr., holurnar yrðu 12 og tengikostnaður væri áætlaður 30 millj. kr. og þessi viðbótarorka kæmi í gagnið í þremur áföngum á árunum 1988-1990 taldi ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis að kaupverð Kröfluvirkjunar, reiknað á hliðstæðan hátt að öðru leyti eins og gert er í frumvarpinu, mundi teljast 388 millj. kr. hærra.

Í ljósi þessara upplýsinga virðist ljóst að útreikningur á kaupverði virkjunarinnar er **mjög umdeilanlegur**.

Auk þess sem að framan greinir er veruleg missmíð á frumvarpinu og samningunum sem óhjákvæmilegt er að laga. Kemur það glöggt fram í bréfi Orkustofnunar sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Að öllu þessu athuguðu treystir minni hl. nefndarinnar sér ekki til þess að mæla með samþykkt frumvarps þessa.

Alþingi, 17. des. 1985.

Svavar Gestsson.

### Fylgiskjal.

ORKUSTOFNUN  
16. des. 1985.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,  
Alþingi,  
101 Reykjavík.

Í framhaldi af viðværdum undirritaðs við háttvirta iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis 16. des. s.l. vill Orkustofnun koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina:

#### **Við 3. grein samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um sölu á Kröfluvirkjun.**

Í fyrri málsgrein þessarar greinar segir svo:

„Skal óheimilt án samþykkis Landsvirkjunar að stofna þar til annarrar vinnslu er haft geti áhrif á þessa nýtingu.“

Að mati Orkustofnunar getur það varla talist við hæfi að ríkisstjórn þurfi að sækja til fyrirtækis úti í bæ um leyfi til að nýta auðlind í eigu ríkisins. Skiptir þar engu máli þótt um gott og gagnlegt fyrirtæki sé að ræða. Alþingi ætti því ekki að samþykkja samninginn með þessu ákvæði óbreyttu.

Að sjálfsögðu er nauðsynlegt og eðlilegt að hagsmunir Landsvirkjunar séu vel tryggðir í samningi þessum, en það er auðvelt að gera án þess að fá fyrirtækinu í hendur ákvörðunarvald sem eðli málsins samkvæmt á aðeins að vera í höndum ráðherra og/eda Alþingis.

Ekkert liggur fyrir um það nú hvort eða hvenær um verður að ræða nýtingu jarðhita á þeim hluta Kröflusvæðisins sem samningur þessi tekur til, umfram þá sem til þarf til að koma Kröfluvirkjun í 70 MW afköst. Vel má þó hugsa sér að til slíks geti komið síðar meir og rétt að taka tillit til slíks möguleika í samningi þessum. Slík nýting kann að hafa áhrif á þá sem fyrir er því að alkunna er að borholur geta haft áhrif á aðra á sama jarðhitasvæði. Fer það þó eftir atvikum, svo sem stærð svæðisins, þéttleika borhola og mörgu öðru. Því er það að mati Orkustofnunar æskilegt að nýtingaraðilar jarðhita á Kröflusvæðinu, eins og öðrum jarðhitasvæðum, séu sem fæstir en ekki er ávallt unnt að komast hjá að þeir séu fleiri en einn ef nýta á jarðhitasvæði að verulegu marki. Hliðstæður vandi er þekktur í olfuvinnslu.

Af þessum sökum telur Orkustofnun að marka eigi þá stefnu í samningi þessum að ríkið veiti Landsvirkjun forgangsrétt til jarðhitavinnslu umfram þarfrir 70 MW rafstöðvar á samningssvæðinu. Verði gerður sérstakur samningur um slíka umframvinnslu ef til hennar kemur. Aðeins ef Landsvirkjun óskar ekki að nýta slíkan forgangsrétt eða ekki takast samningar um hann veiti ríkið öðrum heimild til vinnslu eða annist hana sjálft. Í þessu síðast talda tilviki þarf að tryggja Landsvirkjun að hafi slík nýting annars aðila áhrif á vinnslu

hennar skuli hann afhenda Landsvirkjun, henni að kostnaðarlausu, jafnmikla gufu með sama hita og þrýstingi og nemur rýrnun á vinnslu hennar af völdum þessa nýja vinnsluaðila ef um hana verður að ræða.

Með þessum hætti er eðlilegum forgangsrétti Landsvirkjunar til jarðhitavinnslu umfram þarfir 70 MW stöðvar slegið föstum en það er ekki gert í samningnum eins og hann liggur fyrir. Jafnframt eru lögmætir hagsmunir fyrirtækisins vegna gufuvinnslunnar tryggðir án þess að því sé fengið í hendur vald sem eðlilegt er að stjórnvöld haldi hjá sér.

Þetta má gera með því að fella burtu úr núverandi samningi hin tilvitnuðu orð áður en Alþingi staðfestir hann en setja í staðinn ákvæði sem *efnislega* væri á þessa leið:

„Óski Landsvirkjun að vinna meiri jarðhita en þetta sendir hún iðnaðarráðherra umsókn um það. Fallist ráðherra á hana skal gera viðbótarsamning við samning þennan þar sem m. a. skal kveða á um viðbótarvinnsluréttindin að magni og eiginleikum (hita, þrýsting á gufu o. s. frv.) og um kaupverð og/eða leigugjald fyrir þessi réttindi.“

Stofni ríkið til vinnslu á samningssvæðinu eftir gildistöku samnings þessa skal það gefa Landsvirkjun kost á að annast hana og selja notendum jarðvarma áður en það heimilar öðrum slíka vinnslu eða annast hana sjálft. Notfæri Landsvirkjun sér þann forgangsrétt skal gerður viðbótarsamningur með ákvæðum sem að framan eru talin.

Heimili ríkið þriðja aðila vinnslu jarðvarma á samningssvæðinu eða annist hana sjálft, vegna þess að Landsvirkjun óskar ekki að nýta forgangsrétt sinn eða vegna þess að samningar takast ekki við hana um viðbótarnýtingu, skal ríkið sjá til þess, Landsvirkjun að kostnaðarlausu, að jarðvarmi, sem hún hefur til umráða er slík viðbótarvinnsla hefst, rýrni ekki að magni eða gæðum umfram það sem gerst hefði ef nýr vinnsluaðili hefði ekki komið til eða verði henni óhagkvæmari eða kostnaðarsamari.“

Rétt verður að telja að gera ráð fyrir þeim möguleika að Landsvirkjun óski sjálf eftir því einhvern tíma í framtíðinni að auka raforkuvinnslu á Kröflusvæðinu umfram 70 MW. Að þeim möguleika vísar 1. málsgrein ákvæðisins að ofan.

## **Við fylgiskjal 2.**

Orkustofnun vill benda á að fyrir rafmagnsnotendur í landinu í heild skiptir það eitt máli hve stóran hluta Kröfluskulda ríkið tekur að sér að greiða en ekki hvort Kröfluvirkjun er í eigu Landsvirkjunar eða t.d. Rafmagnsveitna ríkisins. Útreikningarnir í fylgiskjali 2 fjalla í rauninni um það hve stóran hluta þessara skulda megi leggja á rafmagnsnotendur í landinu án þess að sá hluti verði þeim þyngri í skauti í hlutfalli við orkuna frá Kröflu en fjárhagsbyrðar vegna núverandi mannvirkja Landsvirkjunar eru í hlutfalli við orkuna frá þeim mannvirkjum. Eftir því sem Orkustofnun hefur haft færi á að meta niðurstöðuna sýnist hún ekki fjarri lagi frá þessu sjónarmiði. Hvort niðurstaðan sýnir jafnframt „verðmæti Kröfluvirkjunar fyrir Landsvirkjun“, eins og segir í fyrirsögn töflunnar á bls. 11, er kannske meira álitamál, og raunar hæpið ef litið er á Kröfluvirkjun sem fyrirtæki sem auk mannvirkjanna ræður yfir markaðshlutdeild á almennum raforkumarkaði á Íslandi sem svarar til vinnslugetu hennar og gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé að kaupa þá markaðshlutdeild með mannvirkjunum. En fyrir almenna rafmagnsnotendur á Íslandi í heild skiptir þetta atriði engu máli og því verður ekki meira um það fjölyrt.

Virðingarfyllst,  
Jakob Björnsson.